

Heimastjórn Arnarfjarðar - 3 (11.9.2024) - Eldri borgarar Bíldudal

Málsnúmer : 2409032
Málsaðili : Nanna Sjöfn Pétursdóttir
Niðurstaða (stutt) :
Fundardagur : 11.09.2024

Inngangur : Erindi frá eldri borgurum á Bíldudal

Niðurstaða : Arnheiður Jónsdóttir sviðsstjóri fjölskyldusviðs og Valgerður María Þorsteinsdóttir forstöðumaður Muggsstofu komu inn á fundinn og fóru yfir stöðu á málefnum eldri borgara á Bíldudal. Aðstaðan í Muggsstofu hefur orðið fyrir áhrifum af stöðu skólamála á Bíldudal og því hefur starfsaðstaðan skerst. Rætt var um að gerð yrði formleg könnun í haust á vilja eldri borgara til að sinna félagsstarfi þannig að ljóst væri hver áhugi íbúa væri. Unnið er að uppsetningu á tjaldi og skjávarpa í Byltu en nauðsynlegt er að gera við þakið á húsinu til að tryggja að búnaður verði ekki fyrir skemmdum. Bent var á verkefnið Gott að eldast sem er samstarfsverkefni sveitarfélagsins og Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða. Hjá Heilbrigðisstofnuninni er unnið að uppsetningu á heimaendurhæfingu sem mun væntanlega taka til starfa á næstunni. Einnig kom fram að Heilbrigðisstofnunin hefur tekið við heimaþjónustu af sveitarfélaginu og mun hún hefjast í október þegar starfsmaður tekur til starfa. Þessar breytingar voru kynntar á fundum í júní og í byrjun september.